



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Starfsáætlun Skýjaborgar 2021-2022

Júní 2021

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. SKÓLINN	3
2.1 FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI.....	3
2.2 SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFJÖLDA	4
2.3 BARNAHÓPURINN.....	4
3. STARFSFÓLK	4
4. SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2021-2022	5
4.1 LEYFISDAGAR.....	6
4.2 SKIPULAGSDAGAR.....	6
5. ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU	6
6. DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2021-2022	6
7. MAT Á SKÓLASTARFI 2020-2021	9
7.1 BARNIÐ Í BRENNIDEPLI.....	10
7.1.1 Árangursvísir 3.1 Gæði náms í gegnum leikinn.....	10
7.1.2 Árangursvísir 3.2 Samskipti barna og starfsfólks.....	10
7.1.3 Árangursvísir 3.3 Að mæta þörfum barnanna	10
7.1.4 Árangursvísir 3.4 Mat og gagnasöfnun	10
7.1.5 Árangursvísir 4.1 Samræmt uppeldisstarf.....	11
7.1.6 Árangursvísir 4.2 Samræmi uppeldis og menntunar.....	11
7.1.7 Árangursvísir 4.3 Stuðningur í uppeldi og námi.....	11
7.1.8 Árangursvísir 4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir.....	11
7.2 STARFSMANNASAMTÖL	12
7.2.1 Fyrsta samtal – Styrkleikar og hæfileikar.....	12
7.2.2 Annað samtal – Starfsandi, liðsheild og stjórnun	12
7.2.3 Þriðja samtal – Starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun	13
7.3 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA	14
7.3.1 Nám og þroski barna metin	14
7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra	16
7.4 GRÆNFÁNAVERKEFNI	16
7.5 MAT Á SKÓLAÁRINU 2020-2021.....	17
7.6 AÐRIR MATSPÆTTIR	17
7.7 SAMANTEKT	17
7.7.1 Styrkleikar	17
7.7.2 Tækifæri til umbóta	18
8. UMBÓTAÁÆTLUN 2021-2022	20
9. SJÁLFSMATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2021-2022	22
10. SÍMENNTUNARÁÆTLUN 2021-2022	24

1. Inngangur

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út starfsáætlun árlega sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár. Starfsáætlun skal staðfest af nefnd sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal hún kynnt foreldrum. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla í Hvalfjarðarsveit er sameinað í eitt ráð sem heitir skólaráð.

Samkvæmt aðalnámskrá gera leikskólar starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta.

Tilgangur með starfsáætlun er að gera skólaþróun leikskólans markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta ári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

2. Skólinn

Skýjaborg er leikskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Heimilisfang: Innrimelur 1, 301 Akranes

Símanúmer leikskólans: 433 8530

Leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

Netfang: (eyrun@hvalfjardarsveit.is) / skyjaborg@hvalfjardarsveit.is.

Heimasíða skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

2.1 Forföll og opnunartími

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins, t.d. veikindi eða frí.

Óskað er eftir að foreldrar hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins til starfsfólk deilda eða sendi skilaboð í gegnum Karellen kerfið.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-16:30.

2.2 Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólstarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 40 börn skv. verklagsreglum fyrir leikskóla Hvalfjarðarsveitar.

2.3 Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi haustið 2021:

Árgangur	Fjöldi	Barngildi	Barngildi alls
2016	7	1	7
2017	10	1,1	11
2018	6	1,3	7,8
2019	5	1,6	8
2020	8	2	16
	36		49,8

Gert er ráð fyrir 0,625 stöðugildi vegna fimm tvítyngdra barna, mat skólustjóra og sálfræðings. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

3. Starfsfólk

Starfsmenn skólaárið 2021-2022 eru:

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Agnieszka Aurelia Korpak	Deildarstjóri	100%
Aldís Ósk Sævarsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Aurelia Solovei	Leiðbeinandi	100%
Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	100%
Bára Tómasdóttir	Leikskólakennari	100%
Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100%
Guðbjörg Benjamínsdóttir	Matráður	75%
Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	46%
Hulda Margrét Brynjarsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Lilja Gréta Kristjánsdóttir	Leikskólakennari	71%

Sigubjörg Friðriksdóttir	Deildarstjóri	100%
Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Þórdís Þórisdóttir	Leikskólakennari	14%
Vantar	Leikskólakennari/leiðbeinandi	54%
	Stöðugildi samtals	11,85

Stöðugildi í Skýjaborg reiknast eftirfarandi skólaárið 2021-2022:

Stjórnun	1	
Eldhús	1	
Grunnstöðugildi	6,225	
Sérkennsla	0,625	
Afleysing v. undirbúnings	0,925	
Afleysing 8,33%	0,7372	
Samtals	10,5122	
ALLS v. styttingu vinnuvikunnar	11,85	

4. Skóladagatal Skýjaborgar 2021-2022

Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð og Fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Hvalfjarðarsveitar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er aðfangadag og gamlársgjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl leik- og grunnskóla hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum.

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. Þ	1. M		1. F	1. M	1. M	1. L	1. Þ	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. F
2. M	2. Þ	2. L	2. Þ	2. F	2. F	2. S	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F	2. L
3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. M	3. Þ	3. M	3. F	3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. S
4. M	4. L	4. M	4. F	4. L	4. L	4. Þ	4. F	4. F	4. M	4. M	4. L	4. M
5. F	5. S	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. L	5. L	5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ
6. F	6. M	6. M	6. L	6. M	6. M	6. F	6. S	6. S	6. M	6. F	6. M	6. M
7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. Þ	7. Þ	7. F	7. M	7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F
8. S	8. M	8. F	8. F	8. M	8. M	8. L	8. Þ	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. F
9. M	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. F	9. S	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. L
10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. M	10. F	10. M	10. F	10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. S
11. M	11. L	11. M	11. F	11. L	11. L	11. Þ	11. F	11. F	11. M	11. M	11. L	11. M
12. F	12. S	12. Þ	12. F	12. S	12. S	12. L	12. L	12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. Þ
13. F	13. M	13. M	13. L	13. M	13. M	13. F	13. S	13. S	13. M	13. M	13. L	13. M
14. L	14. Þ	14. F	14. S	14. Þ	14. Þ	14. F	14. M	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. F
15. S	15. M	15. F	15. M	15. M	15. L	15. L	15. Þ	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. F
16. M	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. F	16. S	16. M	16. M	16. L	16. M	16. F	16. L
17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. M	17. F	17. M	17. F	17. F	17. S	17. Þ	17. F	17. S
18. M	18. L	18. M	18. F	18. L	18. L	18. Þ	18. F	18. F	18. M	18. M	18. L	18. M
19. F	19. S	19. Þ	19. F	19. S	19. S	19. L	19. L	19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. Þ
20. F	20. M	20. M	20. L	20. M	20. M	20. F	20. S	20. S	20. M	20. F	20. M	20. M
21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. Þ	21. Þ	21. F	21. M	21. M	21. L	21. L	21. Þ	21. F
22. S	22. M	22. F	22. M	22. M	22. L	22. L	22. Þ	22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. F
23. M	23. F	23. L	23. Þ	23. F	23. S	23. S	23. M	23. M	23. L	23. M	23. F	23. L
24. Þ	24. F	24. S	24. M	24. M	24. F	24. M	24. F	24. F	24. S	24. Þ	24. F	24. S
25. M	25. L	25. M	25. F	25. L	25. L	25. Þ	25. F	25. F	25. M	25. M	25. L	25. M
26. F	26. S	26. Þ	26. F	26. S	26. S	26. L	26. L	26. L	26. Þ	26. F	26. S	26. Þ
27. F	27. M	27. M	27. L	27. M	27. M	27. F	27. S	27. S	27. M	27. F	27. M	27. M
28. L	28. Þ	28. F	28. S	28. Þ	28. Þ	28. F	28. M	28. M	28. L	28. M	28. F	28. L
29. S	29. M	29. F	29. M	29. M	29. L	29. L	29. Þ	29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. F
30. M	30. F	30. L	30. Þ	30. F	30. S	30. S	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F	30. L
31. Þ		31. S		31. F	31. M	31. M	31. F	31. F		31. Þ		31. S

4.1 Leyfis dagar

Sumarfrí 20 virkir dagar frá 6. júlí til og með 3. ágúst 2022.

4.2 Skipulags dagar

Skipulagsdagar skólaársins 2021-2022 verða 6 talsins, allir heilir:

Sameiginlegur skipulagsdagur **16. ágúst** (mánudagur): Námskeið í líkamsbeitingu. Undirbúningur kynningarfundar og vetrarstarfs. Þórdís: Þróun hljóðkerfisfærniþátta: Innlögn og umræður.

Skipulagsdagur **12. október** (þriðjudagur): Starfsmannafundir. Deildarvinna. Námskeið.

Skipulagsdagur **3. janúar** (mánudagur): Starfsmannafundir. Deildarvinna.

Skipulagsdagur **23. febrúar** (miðvikudagur): Starfsmannafundir. Námskeið.

Skipulagsdagar **20. og 22. apríl** (miðviku- og föstudagur): Náms- og kynnisferð starfsmanna erlendis.

5. Áherslur í leikskólastarfinu

Í skólanámskrá má finna þær áherslur sem skólinn setur sér, markmið og þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>. Deildarnámskrár Regnbogans og Dropans eru svo ítarlegri og sína þau markmið og leiðir sem farnar eru á hvorri deild fyrir sig. Þær eru yfirfarnar á hverju vori og uppfærðar ef þörf er á. Finna má deildarnámskrár á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/deildir-leikskolans>.

6. Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2021-2022

Foreldraviðtöl: Foreldrar eru boðaðir í eitt foreldraviðtöl í kringum afmælisdag barnsins. Foreldrar geta ávallt sóst eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra til þess.

Dagur læsis 8. september: óákveðið hvað gera skal.

Kynningarfundur Dropa 14. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Kynningarfundur Regnboga 15. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki að fara í vettvangsferð með nesti.

Umferðarvika 18.-22. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

Bleikur dagur í október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. 3. bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin. Rithöfundur fengin í heimsókn til að lesa úr verkum sínum einhvern tímann í kringum þennan dag.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Þá eru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

Aðventu: Smákökubakstur í lok nóv/byrjun des. Þann 3. desember er áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 16. desember eru áætluð litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman, syngjum jólalög og dönsu í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig síðustu árin fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs. Einn dag á aðventunni höldum við jólafatadag þar sem allir eru hvattir til að mæta með jólahúfur, í jólapeysum, buxum eða sokkum (ath. við erum ekki að tala um spariföt).

Bóndadagskaffi 21. janúar: Á bóndadaginn er öllum körlum í lífi barnanna boðið í bóndadagskaffi.

Þorrinn: Þorrablót haldið einn dag á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk. Á þorranum ætlum við að hafa einn rafmagnslausan dag.

Dagur leikskólans 6. febrúar (hann er á sunnudegi, þannig haldið verður uppá hann 7. febrúar: Í tilefni hans förum við saman í skrúðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

Tannverndarvika 31. janúar-4. febrúar: Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Konukaffi 18. febrúar: Í tilefni konudags er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi.

Bolludagur 28. febrúar: Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjólabollur í kaffitíma.

Sprengidagur 1. mars: Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 2. mars: Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið er ball.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði þrautir fyrir alla aldurshópa.

Dans: Í 5 vikur í mars og apríl er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa.

Blár dagur í apríl: Sýnum einhverfum stuðning og samstöðu með bláum degi.

Dagur umhverfisins, 25. Apríl: Þá er farið út að tína rusl. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímsli.

Vorskóli elstu barna: 3., 4. og 5. maí verður útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarútunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

Sveitaferð: Seinnipartinn í maí verður farið í hina árlegu sveitarferð að Bjarteyjarsandi.

Útskrift: Einhvern daginn í lok maí verður útskrift elstu barna, dagur auglýstur þegar nær dregur. Börnin æfa atriði og sýna, síðustu ár hafa börnin farið með þulu og sungið lag. Börnin fá svo afhent skírteyni og gjöf. Að lokum gæða allir sér á veitingum af glæsilegu hlaðborði sem fjölskyldur hjálpast við að útbúa. Börnin útbúa í leikskólanum einnig ostabakka á hlaðborðið.

Umferðarvika 23.-27. maí og hjóladagur 25. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Útskriftarferð: Einn veðurbliðan dag í lok maí eða í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

Útidótadagur: Hefð er fyrir því að hafa útidótadag einn veðurbliðan dag í júní.

7. Mat á skólastarfi 2020-2021

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólastarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarf ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólastarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins í Barni í brennidepli 2020-2021 voru að meta:

Lykilþáttur 3: Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.1 Gæði náms í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.2 Samskipti barna og starfsfólks

Árangursvísir 3.3 Að mæta þörfum barnanna

Árangursvísir 3.4 Mat og gagnasöfnun

Lykilþáttur 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.1 Samræmt uppeldisstarf

Árangursvísir 4.2 Samræmi uppeldis og menntunar

Árangursvísir 4.3 Stuðningur í uppeldi og námi

Árangursvísir 4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á. Tekin er hluti af síðasta skipulagsdegi vetrarins þar sem mat er klárað.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfaskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

7.1 Barnið í brennidepli

Leikskólinn byrjaði að nota matstækið Barnið í brennidepli skólaárið 2010-2011. Teknir eru nokkrir árangursvísar á ári og er farið á 3-5 árum yfir alla lykilþættina og árangursvísana. Farið var yfir alla árangursvísa í lykilþáttum 3: nám í gegnum leikinn og 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur.

7.1.1 Árangursvísir 3.1 Gæði náms í gegnum leikinn

Við stöndum okkur vel í að hafa leikumhverfi barnanna hvetjandi og krefjandi. Það sést á leikefniviðnum og áhuga barnanna á að nýta sér efniviðinn. Námsumhverfið úti og inni veitir börnunum viðeigandi tækifæri til náms í gegnum leik. Efniviður á áhugi barnanna á honum örvar þroska þeirra og fær þau til að gleyma stund og stað. Börnin fá ávallt tækifæri í frjálsa leiknum að velja eftir áhugasviði sínu. Starfsfólk telur gott jafnvægi vera á milli frjálsra leikja og athafna sem er stjórnað af fullorðnum. Börnin njóta sín í báðum athöfnum. Börnin taka þátt í leiknum af áhuga. Stundum þarf að hjálpa þeim að komast inn í leikinn. Börnin nýta oftast alla leikmöguleika sem í boði eru.

Til umbóta: Í lagi.

7.1.2 Árangursvísir 3.2 Samskipti barna og starfsfólks

Starfsfólk er vel að sér í mismunandi þroskaskeið barna / eðlilega þroskaframvindu. Sérfræðingar til aðstoðar ef þarf. Samtöl á milli starfsfólks og barna eru ávallt hvetjandi og uppbyggjandi fyrir börnin. Spurningar starfsfólks eru opnar og faglegar. Starfsfólk hlustar á svör barnanna og notar þau á gagnlegan hátt. Unnið er áfram með svörin ef við á. Starfsfólk metur og ígrundar leik barnanna og grípur inn í ef þörf er á.

Til umbóta: Í lagi.

7.1.3 Árangursvísir 3.3 Að mæta þörfum barnanna

Námsleiðir (s.s. frjáls leikur, hópastarf og útinám) eru settar upp með það í huga að börnin geti sjálf fundið sína styrkleika. Starfsfólk er duglegt að finna veikleika barnanna og styrkja þau þar, s.s. með því að leiða þau í eitthvað sem gæti hentað þeim betur. Framvinda námsins er sniðin að þörfum hvers og eins þannig að allir hafi möguleika til að öðlast góðan árangur innan allra þroskaþátta og námssviða. Námsaðferðirnar eru ígrundaðar og krefjandi. Börnin fá næga örvun og eru dugleg að tjá skoðanir sínar. Starfsfólk er ávallt á tánum og horfir í áhugasvið barnanna s.s. með könnunaraðferðinni, spilum o.fl.

Til umbóta: Í lagi.

7.1.4 Árangursvísir 3.4 Mat og gagnasöfnun

Starfsfólk horfir skipulega í og metur alla þroskaþætti og menntun barnanna, m.a. með MIO og TRAS. Gott skipulag er hjá þeim börnum sem þurfa meira. Leikskólinn leitar upplýsinga um börnin hjá foreldrum og fyrri leikskólum ef við á og nýtir þær upplýsingar til að kynnast barninu betur og mæta þörfum þeirra þar sem þau eru stödd. Matsupplýsingum er safnað og vistað eftir góðu skipulagi, s.s. í foreldraviðtalsmöppu, MIO og TRAS blöðum, ferilmöppu og svo hjá sérkennara þar sem það á við. Að auki eru samskiptaupplýsingar inn á karellen sem eru prentaðar út og settar í persónumöppu barnsins. Fyrir foreldraviðtöl er öllum gögnum safnað saman til að gefa foreldrum eins greinargóðar upplýsingar og völ er á.

Til umbóta: Í lagi.

7.1.5 Árangursvísir 4.1 Samræmt uppeldisstarf

Starfsfólk hefur góðan skilning á hlutverkum sínum og taka ábyrgð á því að vernda börnin fyrir skaða, misnotkun og vanrækslu. Starfsfólk er vakandi fyrir heilsu og öryggi barna. Starfsfólk fær fræðslu og ráðgjöf í barnaverndarmálum á um 2-3 ára fresti, síðast í október 2018. Það er orðið heldur langt síðan síðast og hluti af starfsfólki ekki búð að vinna svo lengi, svo það voru ekki allir starfsmenn meðvitaðir. Börnunum eru innrættar hreinlætisvenjur frá upphafi leikskóladvalar og kennd gildi þess að borða hollan mat. Persónulegar öryggisreglur eru fyrir börn sem hafa einhvers konar mataþöpol eða ofnæmi. Sett er mynd af barni við matarborð til að minna starfsfólk á og einnig í eldhúsi til að minna matráð á.

Til umbóta: Hafa fræðslu um barnaverndarmál á 2 ára fresti.

7.1.6 Árangursvísir 4.2 Samræmi uppeldis og menntunar

Jafnvægi er í dagskipulagi leikskólans. Frjáls leikur í öndvegi, útvera og hvíldarstund/svefn á hverjum degi. Boðið er upp á hollan mat þar sem horft er til fæðuhringsins. Starfsfólk óskar eftir fjölbreyttara úrvali af hráu grænmeti. Í skólanámskrá eru mótandi markmið með uppeldi og menntun barnanna innan leikskólans. Skólanámskráin er kynnt nýju starfsfólki og öðrum sem vinna með börnunum.

Til umbóta: Þjóða upp á fjölbreyttara úrval af hráu grænmeti.

7.1.7 Árangursvísir 4.3 Stuðningur í uppeldi og námi

Leikskólinn er vakandi fyrir þörf á stuðningi við börn og fjölskyldur og tekur tillit til aðstæðna, allir starfsmenn eru meðvitaðir um að fylgjast með þessu. Starfsfólk styður við foreldra við uppeldi og nám barnanna og veitir ráðgjöf ef við á í gegnum árleg foreldraviðtöl eða oftast ef þörf krefur. Leikskólinn notast við matsblöð og samtöl til að greina börn sem þurfa á viðbótarstuðningi í uppeldi og námi að halda. Skilningur er hjá starfsfólki á að bregðast fljótt við ef einhverjir erfiðleikar vakna. Stuðningur er skipulagður og tekur tillit til þarfa einstakra barna. Einstaklingsnámskrá er gerð ef þörf er á. Starfsfólki finnst vanta betri skráningar og upplýsingar á milli deilda. Stuðningur gefur börnunum kost á að taka fullan þátt í daglegum venjum og öllum þáttum skólanámskrárinnar. Vel er fylgst með persónulegum árangri samkvæmt einstaklingsáætlun. Leikskólinn nýtir sér stoðþjónustu sálfræðings og talmeinafræðings reglulega og aðra sérfræðinga eftir þörfum.

Til umbóta: Útbúa skráningablað fyrir börn sem þurfa auka-stuðning. Bæta upplýsingaflæði á milli deilda.

7.1.8 Árangursvísir 4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir

Viðeigandi samræmi er á milli þarfa barna, uppeldi og menntun og þeirri þjónustu sem þeim er boðin hverju sinni. Upplýsinga vantar í einhverjum tilfellum á milli deilda. Fylgst er með leikskóladvöl barna með mætingaskráningu. Gerðar eru viðeigandi áætlanir (s.s. einstaklingsáætlanir) og framkvæmdar á virkan hátt þegar þörf er á. Starfsfólk er vel upplýst um sérþarfir barnanna sem dvelja sinni deild, en vantar upplýsingar á milli deilda. Það er mikið samstarf og blöndun á milli deilda og því nauðsynlegt að allir séu upplýstir. Starfsfólk leitast eftir frekari upplýsingum og skráningum svo allt starfsfólk hafi sömu upplýsingar um börn og geti unnið eftir sömu aðferðum. Starfsfólk er ekki vel upplýst um lagasetningar varðandi börn með sérþarfir.

Til umbóta: Upplýsa allt starfsfólk áætlanir um vinnubrögð um einstök börn svo samstarf á milli deilda og blöndunin gangi áfram sem allra best. Vinna að frekari skráningum á upplýsingum um einstök börn. Upplýsa allt starfsfólk um lagasetningar varðandi börn með sérþarfir þegar þörfin er til staðar. Í dag eru engin börn með sérþarfir í leikskólanum.

7.2 Starfsmannasamtöl

Þetta skólár gerðum við breytingar á starfsmannasamtölum. Í stað eins stórs samtals var boðið upp á þrjú styttri samtöl sem dreift var yfir skólaárið. Útbúin var samtalsrammi (sjá í viðauka í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2020-2021) fyrir öll samtölin og fékk starfsfólk ramman sendan að hausti.

7.2.1 Fyrsta samtál – Styrkleikar og hæfileikar

Fór fram á tímabilinu 7.-13. október 2020

Niðurstöður: Alls tóku níu starfsmenn fyrsta samtál skólaársins sem snérist að styrkleikum og hæfileikum. Markmið samtalsins var að greina styrkleika/hæfileika starfsmanns og finna leiðir til að nýta þá sem best.

Starfsfólk kafaði inn á við og ræddi starfið sitt í tengslum við styrkleika sína og hæfileika, setti sér persónuleg markmið í starfi. Allir starfsmenn voru sammála um að almenn samtöl og falleg orð frá samstarfsfélögum væru mikilvægir hrósgjafir í starfi. Það skein í gegn að starfsfólk er duglegt að hrósa hvert öðru og ánægja er hjá starfsfólki með deildarstjórnara. Í nokkrum samtölum nefndi starfsfólk mikilvægi þess að við tölum við hvora aðra en ekki um hvora aðra og hvað við værum duglegar við það.

Tækifæri til umbóta: Leiðréttum erlenda starfsmenn eins og við leiðréttum börnin, með því að segja aftur á réttari íslensku. Þannig ýtum við undir betri íslenskukunnáttu og styrkjum fólkið okkar í íslensku.

7.2.2 Annað samtál – Starfsandi, liðsheild og stjórnun

Fór fram á tímabilinu 19.-21. janúar 2021

Niðurstöður: Alls tóku 11 starfsmenn annað samtál skólaársins sem snérist að starfsanda, liðsheild og stjórnun. Markmið samtalsins var að heyrna raddir allra í hvað við getum gert betur í samvinnu og stjórnun.

Allir starfsmenn meta starfsánægju sína góða eða mjög góða. Tilhlökkun, ánægja og gleði skein úr orðum starfsfólks við að mæta í vinnuna á hverjum degi. Það er ýmislegt sem veitir starfsfólki vellíðan í starfi, s.s. góð samvinna og samskipti, gleðin í hópnum, starfsandinn á deildinni, gott skipulag, flæði/frelsi í skipulaginu, regluleg hrós, ánægja, góður vinnustaður, góður yfirmaður, samstarfsfólkið, hvað fólk mætir vel til vinnu og öryggi í starfi (bæði í tengslum við það að ég veit hvað er ætlast til af mér og hægt að ganga að því vísu að ávallt er hægt að fá sinn undirbúning). Það sem meðal annars kom fram um vellíðan í starfi sem tengist börnunum var gleði, sköpunargleði, góður leikur og þegar börnin komast í flæði í leik og starfi þannig tíminn flýgur áfram. Alltaf er hægt að bæta sína vellíðan og nefndu starfsmenn ýmislegt persónulegt til að koma sér á enn betri stað. Einstaka árekstrar hafa orðið á milli starfsmanna sem starfsfólk hefur tekið vel á með jákvæðni í fyrirrúmi. Einnig var nefnd þörfin fyrir það að starfsfólkið hittist utan vinnu, en covid-19 hefur sett strik í reikninginn þar.

Það sem starfsfólki finnst einkenna samskipti og samvinnu hjá sér og skólanum í heild er eftirfarandi:

- Gagnvart foreldrum: Góður skilningur, þrautseigja, virðing, heiðarleiki, metnaður, ánægja, góð samskipti, jákvæðni, traust, góð samvinna, kurteisi, áhugasemi og að auðvelt sé að leita til þeirra. Töluvert var nefnt að samskiptin í dag væru of lítil vegna covid-19 og starfsfólk hlakkar til að geta boðið foreldrum inn fyrir.
- Gagnvart vinnufélögum: Gleði, samkennd, skilningur, nýta styrkleika hvers og eins, við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við þig, hlustum á skoðanir og ræðum saman, góð samskipti, góður starfsandi, jákvæðni, traust, góður húmor, hressleiki og þakklæti fyrir góða samvinnu.
- Gagnvart börnunum: Væntumþykja, gleði, virðing, jákvæðni, kærleikur, agi, vellíðan, skilningur, hlýja og traust.

Starfsfólk var spurt út í leiðir fyrir starfsmenn til að vinna betur saman og hvort einhverjir flöskuhálsar væri gagnvart framkvæmd og úrlausn verkefna. Það sem nefnt var t.d. með það að passa upp á að koma skilaboðum alla leið til þeirra sem málið varðar og væri hægt að nýta upplýsingatöflurnar inni á deildum til þess. Að hafa betri yfirsýn yfir starfsmannahópinn og deila álagi á milli deilda ef tækifæri er til, þarf ekki bara að vera stjórnandinn. Í þessu tilfalli kom upp hugmynd að leikskólastjóri og deildarstjórar haldi örfund að morgni ef þörf er til að skipuleggja daginn. Að sumir starfsmenn megi opna hugann og breyta til, sumir fastir í gömlum venjum. Að starfsmenn setji sig í spor annarra, við erum allar hér til að læra, engin spurning er heimsk né vitlaus. Að auka samvinnu á milli deilda m.t.t. flæðis starfsmanna, barna og efniviðs. Meiri undirbúningur fyrir leiðbeinendur. Halda áfram að vera duglegar að vinna áfram með jákvæðni, góða samvinnu og samskipti til að viðhalda þessu. Fá uppbyggjandi námskeið fyrir sálina. Hittast fyrir utan vinnu / skemmtiferð. Væri gaman að vinna einhver verkefni saman þvert á deildir og aldurshópa, gæti verið inni/úti/tónlist.

Starfsfólk var spurt út í hvað væri það fyrsta sem það myndi vilja breyta ef það væri yfirmaður. Nokkrar hugmyndir komu upp: Fá rými fyrir íþróttir/hreyfisol, vinna að betri vinnuaðstöðu s.s. með nýjum húsgögnum, hljóðdempa á Regnboganum, kaupa nýja kaffikönnu, nýjar eldhúsinnréttingar, öðruvísi/lægri stóla inn á Dropann, fá ísskáp og örbylgjuofn inn á kaffistofu, ný borð og stóla til að hækka/lækka og nýja kennarastóla.

Tækifæri til umbóta: Starfsfólkið hittist utan vinnu. Nýta skilaboðaskjóðurnar inni á deildum betur svo allir starfsmenn fái sömu upplýsingar. Leikskólastjórar og deildarstjórar meðvitaðir um að bregðast við þegar vantar starfsfólk, starfsfólk endilega koma með hugmyndir þess efnis. Samvinna á milli deilda, aukið flæði barna, starfsfólks og efniviðs. Kanna með að fá undirbúningur fyrir leiðbeinendur. Fá uppbyggjandi námskeið fyrir sálina. Skoða áhuga að vinna verkefni þvert á deildir og aldurshópa. Hljóðdempun á Regnboganum er komið í ferli. Skoða Kaup á nýrri kaffikönnu. Skoða kaup á nýjum húsgögnum: borðum, stólum og kennarastólum. Skoða vilja þess að fá ísskáp og örbylgjuofn inn á kaffistofu.

7.2.3 Þriðja samtal – Starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun

Fór fram á tímabilinu 26. – 30. apríl 2021

Niðurstöður: Alls tóku 9 starfsmenn þriðja starfsmannasamtal vetrarins sem snérist um starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun. Markmið samtalsins var að heyra raddir allra hvernig við getum náð auknum árangri í starfi sem einstaklingur og vinnustaðurinn í heild.

Starfsfólk var spurt út í þætti í starfi eða starfsumhverfi sem gætu haft áhrif á framtíð þess. Meðal þess sem var svarað er að passa upp á líkamsbeitingu og andlega líðan, þekking og kunnátta út í lífið, hljóðvist á Regnboganum slæm og mannekla hefur áhrif á andlega líðan.

Starfsmenn segjast njóta sín almennt til fulls í núverandi stöðu. Skemmtilegt starf. Mikið svigrúm til að gera það sem manni langar. Gott samstarfsfólk og góður yfirmaður. Góð yfirsýn. Dásamleg deild. Einstaka starfsmaður finnur fyrir álagi í starfi seinnipartinn þegar foreldrar mega ekki koma inn og mikla vinnu í kringum myndir í undirbúning.

Vinnuaðstaðan er góð með tilliti til þess húsnæðis sem við erum í. Á kaffistofu má skoða að setja upp ísskáp og örbylgjuofn. Þess má geta að starfsmenn hafa aðgang að þessum tækjum í eldhúsi. Það vantar fundarherbergi, sérkennsluáðstöðu, hreyfisal, rúmbetra ræstiherbergi, rúmbetra undirbúningsherbergi nú þegar fleiri starfsmenn eru í undirbúning og undirbúningur hjá hverjum og einum hefur lengst og setja upp iðnaðareldhús í stað heimiliseldhúsinnréttingu sem er á síðasta snúning. Einstaka starfsmaður finnst vanta betri kennarastóla inn á deildir. Bæta þarf áklæðið á jógastólunum. Bæta þarf flokkun í undirbúningsherbergi. Tónlist hefur fallið niður á Regnboganum. Hugmynd kom upp að setja af stað þróunarverkefni með útisvæðið s.s. varðandi ræktun, tré, vísindi, stærðfræði, leikur m. vatn og dýr. Einnig kom upp hugmynd að fá reglulegra endurmat frá deildarstjóra, hvað er ég að gera vel og þá er auðveldara fyrir deildarstjóra að taka samtalið þegar eitthvað þarf að bæta. Uppfæra dýnur í hvíld.

Vinnuskipulag er gott og rúllar vel. Ýmsar hugmyndir komu frá starfsfólki til að bæta: Einn starfsmaður nefndi að það vanti skilvirkari áætlun þegar starfsfólk vantar. Skoða flutning barna á milli deilda, horfa í einstaklinginn frekar kennitölu. Setja upp einhverskonar hvatningarkerfi fyrir starfsfólk og upplýsa vel það sem starfsfólk gerir gott. Setja á teymisfundi fyrir þær fjölskyldur sem þurfa / auka samtal við foreldra. Vantar ryksugu fyrir gervigrasið. Má byggja skúr eða útielldhús? Vantar meiri söng á Regnboganum. Hafa faglærða meira inn í hádegismatnum og eftir hann á Regnboganum. Langar að vinna meira í hvíldarstundunum til að nýta meira hugarfrelsið. Vera meira í náttúrunni. Gera meira í minni hópunum úti í náttúrunni.

Starfsmenn voru almennt ánægðir með þau námskeið sem hafa verið undanfarið. Fólk vill almennt bæta sig í og rifja upp það sem við erum að vinna með. Fram kom mikilvægi þess fyrir starfsmannahópinn að fá einhvers konar sjálfssyrkingarnámskeið reglulega eins og við höfum gert og fara betur yfir grænfánaverkefnið á skipulagsdögum.

Tækifæri til úrbóta: Hljóðvist á Regnboganum (er í ferli). Skoða breytingar á kaffistofu. Iðnaðareldhús. Bæta áklæði á jógastólunum. Bæta flokkun í undirbúningsherbergi. Þróunarverkefni með útisvæðið. Endurmat deildarstjóra til starfsmanna. Uppfæra dýnur í hvíld. Skýra áætlunina þegar starfsfólk vantar. Flutningur barna á milli deilda – áætlun. Aukið samtal við foreldra. Ryksuga gervigrasið. Bæta tónlist á Regnboganum. Uppsetning útináms á deildum. Fara yfir grænfánaverkefnið oftar á skipulagsdögum.

7.3 Mat á námi og velferð barna

7.3.1 *Nám og þroski barna metin*

Almenn foreldraviðtöl eru haldin í kringum afmælisdag barnsins og gefst foreldrum einnig tækifæri til að koma að skipulagi skólustarfsins. Foreldrar geta einnig óskað eftir að hitta starfsfólk utan

skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. En framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávík er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, TRAS, MIO og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Ahliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum.

Í foreldraviðtölum frá maí 2020 - apríl 2021 kom eftirfarandi fram:

- a. Í öllum viðtölum lagt var áhersla á að foreldrar fá upplýsingar um þroska og líðan barnsins í leikskólanum og um starfsemi og áherslur.
- b. Foreldrar eru almennt ánægðir með fyrirkomulagið og starfið og upplifunin er að börnunum líði vel. Nokkrum finnst betra að skila við útidyrnar finnst það ekki taka eins langan tíma.
- c. Finnst svolítið erfitt að geta ekki komið inn í fataklefan, til að skoða og fylgjast með fatapokum barnanna. Einnig að geta ekki átt stutt spjall við komu en hafa þá bara notað símann eða Karellen í staðinn til að koma nauðsynlegum upplýsingum áleiðis.
- d. Allir foreldrar segjast mjög ánægðir. Þau nefna að mikið er gert í leikskólanum og börnin læra mikið. Þau eru ánægð af því að það er frábær vinna á Dropanum þar sem börnin þroskast félagslega og æfa sig í jákvæðum samskiptum. Flottir póstar með upplýsingum þar sem mikil gleði er á myndunum og myndböndunum og foreldrunum finnst þetta frábært tækifæri til að sitja með börnum sínum og horfa á saman ásamt því að spjalla um hvað gerðist og hvernig var í leikskólanum. Auk þess nefndu þau að það er mjög gott að börnum þeirra finnst gaman í leikskólanum, að þau mæta með ánægju, að leikskólin okkar er þægilegur staður þar sem börnin finna strax öryggi og traust við starfsmenn.

Tækifæri til umbóta: Í lagi. Mögulegt að bjóða einstaka barni upp á að taka á móti við útidyrnar ef það hentar barninu betur, skoðað með foreldrum.

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Leikskólinn á fulltrúa í nemendaverndarráði þar sem málefni einstakra barna eru rædd ef um frávík í þroska, félagslegu umhverfi eða líðan er að ræða.

Sérkennari kemur í leikskólann einu sinni í viku og hjálpar til við skimun og sinnir þeim börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. Mestur af þeim stuðningi snýr að málörvun einstakra barna. Sérkennari

sinnir einnig ráðgjöf til starfsmanna og foreldra og er skólastjóra innan handar við skipulagningu sérstuðnings. Sérkennari skilar skýrslu til skólastjóra.

Talmeinafræðingur kemur í leikskólann 1-2x í mánuði yfir vetrarmánuði og sinni greiningu, ráðgjöf, íhlutun og eftirfylgni. Nokkur börn hafa þurft á þjálfun að halda í vetur og hafa starfsmenn sinnt þjálfun undir handleiðslu talmeinafræðings utan þess tíma sem hann kemur í leikskólann.

Skólasálfræðingur kemur eftir þörfum í leikskólann og sinnir greiningum og ráðleggingum til foreldra og/eða starfsfólks eftir því sem við á.

Starfsfólk les deildarnámskrá sinnar deildar yfir á hverju hausti, svo allir séu meðvitaðir um þær áherslur sem eru á deildinni. Að auki las starfsfólk í vetur yfir deildarnámskrár með útinámsgleraugu, til að svara þeim spurningum hvort unnið sé eftir þeim markvissum aðferðum í útinámi sem við segjumst ætla að gera. Upp komu minniháttar ábendingar sem teknar verða fyrir þegar deildarnámskrárnar verða uppfærðar í sumar.

7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra

Sex börn tóku þátt í broskarlamati eða allur elsti árgangur leikskólans. Þeim líður öllum vel í leikskólanum og öllum finnst maturinn góður. Þegar deginum er skipt niður í stundirnar sem þau fá yfir vikuna líður þeim öllum vel í frjálsum leik og flestum líður vel í útiveru. Líðan í samverustundum, hópastarfi og lestrarstundum dreifast nokkuð jafnt á milli broskarlanna og er það einstaka barn sem finnst þetta líklega krefjandi aðstæður. Eitt barnið spurði af hverju er ekki spurt um jóga og ef til vill ástæða til að skoða það fyrir næsta ár.

Flest finnst þeim að mamma og pabbi eiga að koma í heimsóknir í leikskólann. **Flestum finnst** þau vera lengi í leikskólanum sem er svipuð svör og síðustu ár. Ýmis svör komu frá börnunum um hvort mamma og pabbi vissu hvað þau væru að gera í leikskólanum ýmist nei, já, annað foreldrið eða börnin segi þeim frá.

Flest börnin gátu talið upp í hverju þau eru góð. Helmingur barnanna finnst ekkert erfitt í leikskólanum. Hin börnin nefndu það að bíða, fara heim og samverustund. Öll börnin nefndu eitthvað sem þeim finnst auðvelt í leikskólanum og flest tengist leik og útiveru.

Börnunum finnst allir vera vinir á deildinni og gátu allir talið upp vini sem þau eiga á deildinni.

Tækifæri til umbóta: Uppfæra eyðublaðið fyrir næsta ár – bæta jóga inn í. Vinna með einstaka börn með líðan í einstaka stundum.

7.4 Grænfánaverkefni

Í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar má finna skýrslu um umhverfismennt í Skýjaborg yfir skólaárið.

7.5 Mat á skólaárinu 2020-2021

Einn leikskólakennari bættist við starfsmannahópinn okkar í haust. Tveir starfsmenn komu inn í afleysingar allt skólaárið og að auki var einn starfsmaður reglulega hjá okkur í afleysingum. Á vormánuðum fengum svo þriðja starfsmanninn inn í afleysingar.

Skipulagsdagar voru vel nýttir í skipulagningu starfs, námskeið og fundi. Á planinu var utanlandsferð en vegna heimsfaraldurs var henni frestað, annar skipulagsdagurinn færður til og nýttur strax um haustið. Meðal annars fékk starfsfólk námskeið hugarfrelsi og MIO. Sjá má í Ársskýrslu 2020-2021 hvaða námskeið starfsfólk fór á bæði á skipulagsdögum og það sem þeir sóttu utan þeirra. Fagfundur Leik- og grunnskóla var haldin 20. apríl 2021 á Teams. Leikskólinn hittist saman og hvert svið í Heiðarskóla var saman. Hver deild og hvert svið hélt kynningu á *Læsi í víðum skilningi* á sinni deild/sviði. Fundurinn tókst vel.

Vel gekk að framfylgja aðgerðaráætlun Grænfánans þennan vetur eins og ávalt. Leikskólinn sótti um sinn sjötta Grænfána vorið 2021 eftir að hafa klárað að uppfylla öll sín markmið um grænfánann síðustu tvö árin. Deildarugl var áfram inni mánaðarlega og söngstund einu sinni í viku sem allir komu saman og sungu undir stjórn tónlistarkennara, allir mjög ánægðir með það fyrirkomulag. Þegar Covid-19 takmarkanir voru sem mestar létum við söngstundir falla niður til að minnka hópamyndun. Vinna við gagnabanka / viðburðarbók er enn á frumstigi og þeirri vinnu verður haldið áfram næsta vetur.

Skólasamstarfið var með svipuðu sniði og síðustu ár. Börnin komust í færri heimsóknir heldur en áætlað var vegna heimsfaraldurs, eða misstu af alls 5 heimsóknum á haustönn en komumst í allar 6 á vorönn. Sjá má nánar um skólasamstarfið í ársskýrslu.

Stjórnendur höfðu umbótaáætlun 2020-2021 til hliðsjónar allt skólaárið og framkvæmdu eins og mikið og mögulegt var af þeirri áætlun. Umbótaáætlun er metin og það sem er klárt er tekið út og því sem er ekki lokið er haldið inni í næstu áætlun.

7.6 Aðrir matsþættir

Ekkert ytra mat var í vetur. Gerð var umbótaáætlun v. ytra mats á vegum Menntamálastofnunar haustið 2018 og hefur verið unnið eftir henni og fært inn í umbótaáætlun starfsáætlunar Skýjaborgar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur fengið árlega skýrslu um framkvæmd umbótaáætlunar.

Farið var yfir umbótaáætlun síðasta árs og hún uppfærð miðað við mat á henni.

7.7 Samantekt

Í lok hvers kafla hafa tækifæri til umbóta verið tekin sérstaklega saman til að auðvelda gerð umbótaáætlunar. Hér á eftir er heildarmat styrkleika sett fram ásamt tækifærum til umbóta.

7.7.1 Styrkleikar

- Námsumhverfi hvetjandi og krefjandi. Efniviður í lagi. Frjáls leikur í fyrirrúmi.
- Samskipti barna og starfsfólks góð.
- Námsaðferðir ígrundaðar og þörfum barna mætt.

- Mat og gagnasöfnun í lagi.
- Unnið er að samræmdu uppeldisstarfi varðandi heilsu og öryggi barna.
- Samræmi er í uppeldi og menntun, jafnvægi í skipulagi frjálsa stunda og skipulagðra, hvíldar og hreyfingar.
- Börn og fjölskyldur fá stuðning og gerðar eru einstaklingaráætlanir ef þörf er á.
- Börn með sérþarfir fá stuðning við hæfi.
- Starfsfólk er duglegt að hrósa.
- Ánægja er með deildarstjórana.
- Starfsánægja er mikil. Tillhlökkun, gleði, vellíðan.
- Samskipti starfsfólks við foreldra og börn eru jákvæð og góð. Starfsfólk er ánægt með stjórnunina, styttingu vinnuvikunnar og upplýsingaflæði. Starfsfólk er ljóst um réttindi, skyldur, kröfur og starfslýsingu.
- Starfsmenn njóta sín almennt til fulls í núverandi stöðu.
- Vinnuskipulag gott og rúllar vel.
- Ánægja með þau námskeið sem hefur verið boðið upp á.
- Broskarlamat sem lagt er fyrir elsta árganginn um skólastarfið og líðan þeirra kom vel út og gefur okkur góðar upplýsingar um elsta árganginn.

7.7.2 Tækifæri til umbóta

- Fræðsla um barnaverndarmál á 2 ára fresti.
- Þjóða upp á fjölbreyttara úrval af hráu grænmeti.
- Útbúa skráningablað fyrir börn sem þurfa auka-stuðning.
- Bæta upplýsingaflæði á milli deilda um einstaka börn þegar þörf er á.
- Leiðréttum erlenda starfsmenn eins og við leiðréttum börnin, með því að segja aftur á réttri íslensku. Þannig ýtum við undir betri íslenskukunnáttu og styrkjum fólkið okkar í íslensku. *Fór í ferli strax eftir starfsmannasamtölin í október, gengur vel, ekki þörf á frekari umbótum.*
- Starfsfólkið hittist meira utan vinnu. *Hefur legið mikið niðri vegna Covid-19. Allir hlakka til betri tíma.*
- Nýta skilaboðaskjóðurnar inni á deildum betur svo allir starfsmenn fái sömu upplýsingar. *Komið í ferli – tekið fyrir á deildarstjórafundum.*
- Leikskólastjórar og deildarstjórar meðvitaðir um að bregðast við þegar vantar starfsfólk, starfsfólk endilega koma með hugmyndir þess efnis.
- Samvinna á milli deilda, aukið flæði barna, starfsfólks og efniviðs.
- Kanna með að fá undirbúning fyrir leiðbeinendur.
- Fá uppbyggjandi námskeið fyrir sálina (var framkvæmt í apríl 2021).
- Skoða áhuga að vinna verkefni þvert á deildir og aldurshópa.
- Hljóðdempun á Regnboganum. *Er komið í ferli.*
- Skoða Kaup á nýrri kaffikönnu.
- Skoða kaup á nýjum húsgögnum: borðum, stólum og kennarastólum.
- Skoða vilja þess að fá ísskáp og örbylgjuofn inn á kaffistofu.
- Iðnaðareldhús.
- Bæta áklæði á jógastólunum.
- Bæta flokkun í undirbúningsherbergi.
- Þróunarverkefni með útisvæði.

- Endurmat deildarstjóra til starfsmanna.
- Uppfæra dýnur í hvíld.
- Skýra áætlunina þegar starfsfólk vantar.
- Flutningar barna á milli deilda – áætlun.
- Aukið samtal við foreldra.
- Prófa gervigrasið.
- Bæta tónlist á Regnboganum.
- Uppsetning útináms á deildum.
- Fara yfir grænfánaverkefnið oftár á skipulagsdögum.
- Uppfæra broskarla-eyðublað. Bæta jóga/hugarfrelsi inn í.

8. Umbótaáætlun 2021-2022

Út frá niðurstöðum hér að framan er sett upp umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu ytra mats eða innra mati skólans	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Námskeið	Fræðsla um barnaverndarmál á 2 ára fresti	Fá fræðslu um barnaverndarmál á skólaárinu 2021-2022. Setja inn í símenntunaráætlun leikskólans á tveggja ára fresti.	Leikskólastjóri	Mai 2021	Janúar 2022	Hefur fræðsla um barnaverndarmál átt sér stað? Er fræðsla um barnaverndarmál komin inn í Símenntunaráætlun leikskólans?
Skólalþjónusta og sérkennsla	Útbúa skráningarblað fyrir börn sem þurfa auka-stuðning	Útbúa skráningarblað fyrir börn sem þurfa auka-stuðning.	Leikskólakennarar	Sep.21	maí 2022	Er komið skráningarblað? Hvernig hefur það gengið?
	Bæta upplýsingaflæði á milli deilda um einstaka börn þegar þörf er á	Nota skráningarblöð (sjá hér fyrir ofan) til að bæta upplýsingaflæði á milli deilda.	Deildarstjórar	Sep.21	maí 2022	Hvernig er upplýsingaflæðið?
Stjórnun - starfsmenn	Kanna með að fá undirbúning fyrir leiðbeinendur.	Skólastjóri ræðir við formann fræðslunefndar. Lagt fyrir fræðslunefnd.	Leikskólastjóri	Mai 2021	maí 2022	Niðurstaða fræðslunefndar?
	Þjóða upp á fjölbreyttara úrval af hráu grænmeti	Fá fram hugmyndir frá starfsfólki. Koma hugmyndum og tillögum til matráðar.	Leikskólastjóri og matráður	ágúst 2021	október 2021	Er búið að taka umræðu um auknið úrval af hráu grænmeti? Hefur það skilað sér til matráðar og til barna?
	Nýta skilaboðaskjóðurnar inni á deildum betur svo allir starfsmenn fái sömu upplýsingar.	Komið í ferli. Deildarstjórar byrja frá hausti að nýta skilaboðaskjóður betur svo allir starfsmenn fái sömu upplýsingar.	Deildarstjórar	ágúst 2021	desember 2021	Er allt starfsfólk að fá sömu upplýsingarnar? eru skilaboðaskjóðurnar vel nýttar?
	Leikskólastjórar og deildarstjórar meðvitaðir um að bregðast við þegar vantar starfsfólk, starfsfólk endilega koma með hugmyndir þess efnis.	Fara vel yfir viðbrauðgáætlun vegna manneflu með starfsfólki að hausti.	Leikskólastjóri	ágúst 2021	desember 2021	Er starfsfólk meðvitað um þau viðbrögð þegar vantar starfsfólk?
	Samvinna á milli deilda, auknið flæði barna, starfsfólks og efnivíðs.	Við höfum verið að bæta flæði á milli deilda ár frá ári. Taka samtal með deildarstjórum. Hvað viljum við gera meira?	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2022	Hvað var gert?
	Skoða áhuga að vinna verkefni þvert á deildir og aldurshópa.	Taka umræðu með deildarstjórum á áhuga á verkefni/ þvert á deildir og aldurshópa	Leikskólastjóri	ágúst 2021	maí 2022	Var umræðan tekin? Hver var niðurstaðan? Ef farið var í verkefni, hvernig gekk það?
	Bæta flokkun í undirbúningsherbergi.	Byrjað er að flokka ýmislegt. Halda áfram þeirri góðu vinnu.	Leikskólakennarar	ágúst 2021	maí 2022	Hvernig er flokkun í undirbúningsherbergi?
	Skoða að setja af stað þróunarverkefni með útsvæði eða bæta útsvæðið á einhvern veg.	Taka umræðu með deildarstjórum. Skoða framhald.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2022	Var eitthvað sett af stað? Hver er þörfin?
	Endurmat deildarstjóra til starfsmanna.	Deildarstjórar skoði með starfsfólki hvar hægt er að bæta endurmat deildarstjóra til starfsmanna. Setja í framkvæmd í framhaldi.	deildarstjórar	ágúst 2021	Janúar 2022	Hvað kom út úr umræðunum? Hvað var gert?
	Flutningar barna á milli deilda – áætlun.	Vel gengur að aðlaga börnin á milli deilda. En þarf samráð/samtal á milli deildarstjóra. Setja upp áætlun.	Deildarstjórar	Mai 2021	Sep.21	Er komin áætlun?
Aukið samtal við foreldra.	Leikskólinn er að opnast eftir heimsfaraldur. Taka góðar umræður við foreldra. Skoða þörf fyrir auknu samtali hjá foreldrum.	Deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2022	Hvað var gert?	
Viðhald	Hljóðdempun á Regnboganum. <i>Er komið í ferli.</i>	Motta var pöntuð haust 2020, er ekki ennþá komið í hús (maí 2021). Hljóðdempunarplötur pantaðar janúar 2021, ekki ennþá komnar í hús (maí 2021). Sjá hvernig hljóðgæðin breytast við þessar aðgerðir.	Leikskólastjóri	Mai 2021	maí 2022	Hvernig eru hljóðgæði eftir aðgerðir?
	Skoða kaup á nýrri kaffikönnu.	Finna góða kaffivél. Setja á fjárhagsáætlun 2022. Kaupa vél 2022.	Leikskólastjóri	Sep.21	apríl 2022	Á fjárhagsáætlun? Komin ný vél?
	Skoða kaup á nýjum húsgögnum: borðum, stólum og kennarastólum. <i>Í ferli.</i>	Endurnýjun er hafin. Þrjú borð voru keypt í vetur og eru á leiðinni (maí 2021). Finna góða kennarastóla inn á deild, setja á fjárhagsáætlun 2022.	Leikskólastjóri	Sep.21	apríl 2022	Kennarastólar á fjárhagsáætlun? Þeir keyptir?
	Skoða vella þess að fá ísskáp og örbylgjuofn inn á kaffistofu.	Taka umræðu með starfsfólki. Starfsfólk hefur aðgang að ísskáp og örbylgjuofni. Viljum við fá tæki inn á kaffistofuna sem er lítil fyrir?	Leikskólastjóri	Sep.21	Janúar 2022	Niðurstaða umræðu?
	Íðnaðarældhús.	Endurbætur á eldhúsinnréttingu hefur verið á viðhaldsþarfallista síðustu árin. Sett áfram á viðhaldsþarfallista.	Leikskólastjóri	Sep.21	Janúar 2022	Á viðhaldsþarfallista? Ákvörðun rekraraðila?
	Bæta áklæði á jógaústólunum.	Kaup á áklæði á jógaústólana eða nýja jógaústóla. Í framhaldi þarf að setja skýrar reglur um notkun jógaústóla - bara inni og einungis starfsfólk.	Leikskólastjóri	Sep.21	Janúar 2022	Er búið að endurnýja áklæði eða jógaústólana?
	Uppfæra dýnur í hvíld.	Finna hentugar dýnur í hvíld og kaupa. Mögulega þarf að fara á fjárhagsáætlun 2022.	Deildarstjóri og leikskólastjóri	ágúst 2021	maí 2022	Er búið að finna hentugar dýnur og kaupa?
	Þrifa gervigrasið.	Hentugast er að blása gervigrasið (samkvæmt seljendum). Fá aðila í það eða fá blásara þegar allt er þurr úti.	Leikskólastjóri	Mai 2021	maí 2022	Er búið að þrifa gervigrasið? Viðvarandi verkefni.

Úr fyrri umbótaáætlun sem ekki náðist að framkvæma:						
Foreldrasamvinna og ytri tengsl: Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun.	Heyra í foreldrum hvort þeir vilji aukna samvinnu, s.s. bjóða þeim inn á deild að vera með í leik og hópastarfi svo þeir sjái starfið sem fram fer. Og/eða fá foreldra til að vera með í undirbúningi fyrir íþróttadag í júní, aðstoða við keppni eða mat.	Fá að setja spurningu um þetta inn í foreldraspurningakönnun fræðslunefndar vor 2020 eða spyrja í foreldravíðtölum. Ræða á starfsmannafundi með öllu starfsfólki. Hverjar eru hugmyndir starfsmanna, vilja starfsmenn sjálfir prófa að bjóða foreldrum meira inn, s.s. Til að kynna niðurstöður könnunarverkefnis eða annað?	Leikskólastjóri	ath. úr frá covid	ath. út frá covid	Hverjar eru niðurstöður frá foreldrum? Hafa starfsmenn sjálfir gert eitthvað til að auka samvinnu?
Innra mat: Gagnaöflun og vinnubrögð	Skoða hvernig foreldrar geta komið markvissar að mati á leikskólastarfinu.	Núna eru teknar saman niðurstöður eftir foreldravíðtölin og það hefur verið þeirra innlegg í innra matið hverju sinni. Til að auka það má leggja fyrir spurningarkönnun eða spyrja í foreldravíðtölum sérstaklega í tengslum við innra mat.	Leikskólastjóri	vor 2019	Vor 2021	Skjuplag til um hvernig foreldrar koma meira að Innra mati sett í matsáætlun.
Skólanámskrá		Tveir þættir er tengjast skólanámskrá, búið er að skoða þá og verður vinna í skólanámskránni í sumar. Skoðað verður í haust hvort það er komið inn eða verði sett inn í þessa umbótaáætlun.	Leikskólastjóri	Mai 2021	ágúst 2021	Þættir komnir inn í skólanámskrá eða settir inn á þessa umbótaáætlun.

9. Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2021-2022

Við sjálfsmat í leikskólanum er notast við matstækið „Barnið í brennidepli” og farið er yfir nokkra árangursvísa á ári. Á líðandi skólaári var farið yfir lykilþátt 3: Nám í gegnum leikinn og lykilþátt 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur. Skólárið 2021-2022 er áætlað að fara yfir lykilþátt 5: Vinnusiðfræði leikskólans og lykilþátt 6: Námsumhverfi leikskólans.

Áherslur í innra mati verða eftirfarandi:

Lykilþáttur 5: Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.1 Starfsandi

Árangursvísir 5.2 Jafnrétti og réttsýni

Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra

Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Árangursvísir 5.5 Samvinna starfsfólks

Lykilþáttur 6: Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.1 Húsnæði og almennur búnaður

Árangursvísir 6.2 Framboð námsgagna

Árangursvísir 6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks

Árangursvísir 6.4 Starfsþróun og endurmat

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á.

Næsta vetur ætlum við einnig að fara yfir matslista á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna við skipulag skólastarfsins. Matslistanum er ætlað að koma af stað umræðu meðal starfsfólks deilda eða leikskólans í heild um vinnubrögð sem ýta undir tilfinninga- og félagsfærni barna í þeim tilgangi að kortleggja hvaða vinnubrögð þarf að bæta.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti og markmið Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólstarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslunefnd.

- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslunefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Sjálfsmatsáætlun á Barni í brennidepli 2021-2024

2021-2022	2022-2023	2023-2024
Lykilþáttur 5: Vinnusiðfræði leikskólans	Lykilþáttur 7: Stjórnun	Lykilþáttur 3: Nám í gegnum leikinn
Lykilþáttur 6: Námsumhverfi leikskólans	Lykilþáttur 1: Námskrá	Lykilþáttur 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur
	Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barnanna	

10. Símenntunaráætlun 2021-2022

Símenntunaráætlun er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og er hún gerð með hliðsjón af umbótaáætlun, áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og starfsþróunarsamtölum.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar leikskólans. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

Við mótun símenntunaráætlunar er unnið samkvæmt verkferli sem greint er frá í skólanámskrá.

Yfirlit yfir símenntun 2021-2022

Skipulagsdagar eru 6 á skólaárinu, þar af er einn sameiginlegur. Dagarnir nýtast í faglega umræðu, námskeið, fyrirlestra, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi og deildarfundi. Að auki er einn sameiginlegur fagfundur með Leik- og grunnskóla.

Yfirlit yfir skipulagsdagar og fagfundur:

Sameiginlegur skipulagsdagur **16. ágúst** (mánudagur): Námskeið í líkamsbeitingu. Undirbúningur kynningarfunda og vetrarstarfs. Þórdís: Þróun hljóðkerfisfærniþátta: Innlögn og umræður.

Skipulagsdagur **12. október** (þriðjudagur): Starfsmannafundur. Deildarvinna. Námskeið.

Skipulagsdagur **3. janúar** (mánudagur): Starfsmannafundur. Deildarvinna.

Skipulagsdagur **23. febrúar** (miðvikudagur): Starfsmannafundur. Námskeið.

Skipulagsdagar **20. og 22. apríl** (miðviku- og föstudagur): Náms- og kynnisferð starfsmanna erlendis.

Fagfundur 24. mars 2022. Einn grunnþáttur menntunar tekin fyrir og ígrundaður vel með starfsfólki.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur og þing):

Starfsfólki verður gefinn kostur á að sækja styttri námskeið, ráðstefnur og málþing sem boðið verður uppá næsta skólaár, utan leikskólans.

Yfirlit yfir símenntunarpörf innan leikskólans

2021-2022	2022-2023	2023-2024
Námskeið í líkamsbeitingu (annað hvert ár)	Námskeið í skyndihjálpi (annað hvert ár).	Námskeið í líkamsbeitingu (annað hvert ár)
Fræðsla um barnaverndarmál (annað hvert ár).		Fræðsla um barnaverndarmál (annað hvert ár).

